

Reykjavík, 20.12.2019

Vegna aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar Bústaða

Stjórnir foreldrafélaga Réttarholtsskóla, Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla lýsa yfir verulegum áhyggjum með aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar Bústaða. Óska foreldrafélögin eftir því að farið verði í vinnu við að skoða hvort unnt sé að finna félagsmiðstöðinni hentugara húsnæði sem betur uppfyllir kröfur nútímans m.a. með tillit til aðgengis fatlaðra og brunavarna.

Eftirtalin atriði eru meðal þess sem foreldrafélögin byggja skoðun sína á:

- Húsnæðið er í kjallara undir Bústaðakirkju og hefur rýmið einungis 1 glugga á öllum 401 fermetrum þess.
- Viðhald hússins er lélegt að mati starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar.
- Aðgengi fyrir fatlaða er ekkert. Jafnvel þótt einstaklingur í hjólastól kæmist inn í rýmið, gæti hann ekki ferðast um í rýminu. Samkvæmt nýrri löggjöf um frístundastarf ber félagsmiðstöðinni skylda til að þjónusta alla en núverandi húsnæði gerir það ómögulegt.
- Húsnæðið hefur leyfir fyrir 100 manns að hámarki en í Réttarholtsskóla einum eru 402 unglingar og á miðstigi í hverfinu eru 325 nemendur. Það er því einungis hægt að taka á mótí um 25% nemenda frá Réttarholtsskóla á hverjum tíma.
- Neyðarútgönguleiðir eru ekki góðar og einungis um tvær leiðir að ræða, önnur er inngangurinn sjálfur og hinn er hurð sem fer yfir í rými kirkjunnar.
- Staðsetning félagsmiðstöðvarinnar er ekki hentug með tillit til skólahverfisins sem hún sinnir, en félagsmiðstöðin er í jaðri hverfisins og tekur það unglunga sem búa t.d. nálægt Háaleitsskóla langan tíma að ganga heim að kvöldskemmtun lokinni.
- Aðkoman er mjög slæm, steiptar tröppur liggja niður að innganginum og eru þær brotnar og illa farnar.
- Hefur starfsfólk oft á tíðum þurft að hafa afskipti af fíkniefnaneytendum fyrir utan hurð félagsmiðstöðvarinnar og oftast ekki þurft að þrifa upp heimagerð verkfæri til fíkniefnaneyslu á morgnana.

Virðingafyllst,

Stjórnir foreldrafélaga Réttarholtsskóla, Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla